

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Hreinsitækni ehf.  
kt. 621293-2069

Starfsstöð: Hallormsstað, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: xxx-xxxx

Leyfið gildir frá dd. mmm 2021 til dd.mmm 2033

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Skólphreinsistöð

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Hreinsitækni ehf., kt. 621293-2069  
**Starfsstöð:** Hallormsstað, 700 Egilsstaðir  
**Fastanúmer:** 000-0000

Leyfið gildir frá dd. mmm 2021 til dd. mmm 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Skólphreinsistöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 9. mars 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.*

### 1. Lýsing á starfseminni

Starfsleyfi þetta gildir fyrir hreinsivirki fráveitu. Staðsetning skólphreinsistöðvarinnar við Smárahvamm á bakka Lagarfljóti.

Skólphreinsistöðin er frá fyrirtækinu Simon Moos. Í hönnunarforsendum er gerð grein fyrir að skólphreinsivirkið geti skilað fráveituvatni sem stenst kröfur 1. töflu í I. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999, þ.e. lækkun á BOD, COD og svifögnum. Hreinsigeta skólphreinsistöðvarinnar miðast við allt að 350 persónueiningar. Til viðbótar við þetta er stöðin búin útfjólublái ljósi til að fækka gerlum í fráveituvatninu niður fyrir mörk sem sett eru í fylgiskjali 2 grein 2 sömu reglugerðar.

Meðal annars skal farið eftir:

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*

## 2. Lýsing á viðtaka fráveituvatns

Viðtaki fráveituvatns frá skólphreinsistöðinni er Lagarfljótið. Fljótið er vatnsmikill og öflugur viðtaki en flokkast sem viðkvæmur viðtaki, þ.e. í flokk A, ósnortið vatn eða að lágmarki í flokk B, lítið snortið vatn skv. reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Ekki er um að ræða skilgreint þynningarsvæði.

### 2.1. Gæðamarmið viðtaka

Vegna viðkvæms viðtaka fráveituvatns frá skólphreinsistöðinni er krafa um viðunandi hreinsun, þ.e. hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Krafa er um hreinleika fráveituvatns skv. eftirfarandi er fram kemur í fylgiskjali 1 B í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

Í ám og vötnum utan þynningarsvæðis skulu eftirfarandi umhverfismörk gilda:

Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis:	2°C
Súrefnismettun, lágmark:	70%
Má aldrei fara undir	6 mg O <sub>2</sub> /l
50% af tímanum yfir	9 mg O <sub>2</sub> /l
Sýrustig, pH:	6 - 9
Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis:	0,5
Ammoníak, NH <sub>3</sub> :	Minna en 0,025 mg/l
Súrefnisnotkun BOD <sub>5</sub> :	Hæst 4 mg O <sub>2</sub> /l
HOCl:	Hæst 0,004 mg/l
Olíur og fitur:	Olíubrák má ekki sjást

Í ám og vötnum utan þynningarsvæða gildir:

Fjöldi hitaþolinnna kólígerla í a.m.k.90% tilfella	<100/100 ml
Fjöldi saurkokka í a.m.k. 90% tilfella	<100/100 ml

Losunarmörk sem gilda um skólp frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli fer skv. viðauka I. 1. töflu í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

Mæligildi	styrkur
Líffræðileg súrefnisþörf (BOD við 20°C)	25 mg/ l O <sub>2</sub>
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/ O <sub>2</sub>
Heildarmagn svifagna	35 mg/l

Við útrás frá hreinsistöð skal gæta eftirfarandi þátta:

- Ekki skulu vera til staðar set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (sveppum og bakteríum) skulu ekki vera til staðar.
- Ekki skal vera til staðar olía, froða, efni sem valda lykt, lit eða gruggi, sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Hitabreyting skal ekki vera meira en 2°C.
- Sýrustig vatns við útrás skal vera á bilinu pH 6-9

### 3. Almenn ákvæði

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Rekstraraðila ber að veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á atvinnurekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar skólpmengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Austurlands ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef í ljós koma skaðleg áhrif t.d. vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi, sbr. þó þær reglur sem gilda um starfandi atvinnurekstur við gildistöku reglugerðar þessarar.

Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænstan hátt.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá til þess að á athafnarsvæði hreinsivirkis sé gætt fyllst hreinlætis sé gætt og að lóð sé haldið snyrtilegri. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfsemi á athafnarsvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

### 4. Innra eftirlit, skráningar og tilkynningarskylda

#### 4.1. Innra eftirlit og skráningar

Starfsleyfishafi skal viðhafa innra eftirlit vegna rekstursins. Rekstraraðili skal halda eftirlitsbækur, dagbækur eða gagnagrunn þar sem jafnóðum er skráð:

- Atriði er varða rekstur búnaðar, hreinsun, viðgerðir og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á ristum.
- Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða önnur frávik eða slys.
- Stöðvanir vegna bilana, viðhalds, eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum varðandi hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar og safnræsis fyrirtækisins s.s. hreinsun og viðgerðir búnaðar, rekstur og viðhald á ristum.
- Fyrir 1.3. ár hvert skal taka saman og senda heilbrigðiseftirliti upplýsingar um magn seyru og úrgangs sem fjarlægður var úr hreinsivirkinu á undangengnu ári sem og upplýsingar um hvert var farið með umræddan úrgang.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannaheill.

#### 4.1. Tilkynningarskylda

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Ef mengunaróhapp verður, s.s. að óhreinsað skólp, klór, olíur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða niður í fráveitu, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og hreinsa upp efnið sem hefur lekið niður. Hafa skal strax samráð við heilbrigðiseftirlitið, brunavarnir, lögreglu, vinnueftirlit og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

Á hverri vinnuvakt skal starfa vaktstjóri, sem hefur góða þekkingu á búnaði og mengunarvörnum stöðvarinnar ásamt starfsreglum þessum sem og öðrum reglum fyrirtækisins

## 5. Umhverfi og athafnarsvæði

---

Öll losun vinnsluefna í yfirborðsvatn er óheimil.

Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélaþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufubvott og háþrýstibvott. Fyrirtækið skal árlega meta hvort unnt er að ná betri árangri í umhverfismálum og taka þá mið af bestu fánlegu tækni.

## 6. Mengunaróhapp

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll. Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 7. Meðhöndlun seyru og ristarúgangs

---

Seyra frá skólphreinsivirkinu skal meðhöndluð af aðilum sem hafa til þess gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðhöndlun seyru nr. 799/1999 og samþykkt viðkomandi sveitarfélags.

Fastur ristarúrgangur frá skólphreinsistöðinni skal fluttur til förgunar á löglegum sorpförgunarstað.

## 8. Sýnataka

---

### 8.1. Sýnatökuaðstaða og losunarmörk

Skólphreinsistöðvar skal hanna eða breyta þannig að unnt sé að taka dæmigerð sýni af aðveituskólpi, svo og hreinsuðu skólpi áður en það er losað út úr hreinsistöðinni. Miðað er við að sýni af aðveituskólpi sé tekið úr fyrsta tanki hreinsivirkis, rétt aftan við grófsigti. Sýni af hreinsuðu skólpi skal tekið aftan við búnað fyrir útfjólubláa geislun.

### 8.2. Sýnataka

Taka skal fjögur sýni ár hvert skv. leiðbeiningum í fylgiskjali 2 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Í fráveituvatni frá skólphreinsivirkinu skal mæla a.m.k. fjölda saurkóligerla og enterókokka, einnig skal mæla COD eða BOD. Ef niðurstöður sýna mengun yfir þeim mörkum skal taka ný sýni skv. viðauka 1. í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Heimilt er að fjölga mæligildum, t.d. mæla svifagnir o.þ.h. ef gerlar eða COD/BOD mælast yfir mörkum.

Sýni skulu tekin af aðila sem Heilbrigðiseftirlit samþykkir og sýni skulu rannsökuð af vottaðri rannsóknastofu og niðurstöður sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands um leið og þær berast. Kostnaður vegna sýnatöku greiðist af starfsleyfishafa.

## 9. Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.

dd. mmm yyyy

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn  
heilbrigðisfulltrúi

DRÖGG